


VMST-N/0118

**Rannsóknir á seiðastofnum
Fljótaár árið 2001**

**Bjarni Jónsson
Eik Elfarsdóttir**

Norðurlandsdeild

Desember 2001



Veiðimálastofnun
Institute of Freshwater Fisheries

**Rannsóknir á seiðastofnum
Fljótaár árið 2001**

**Bjarni Jónsson
og
Eik Elfarsdóttir**

Desember 2001

VMST-N/0118



VEIÐIMÁLASTOFNUN – NORÐURLANDSDEILD

Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki

Inngangur

Gerð var athugun á seiðastofnum í Fljótaá 9. september 2001. Markmið þessara athugana var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika og útbreiðslu laxa- og bleikjuseiða, vöxt og afkomu þeirra í Fljótaá. Á grundvelli þessara upplýsinga er mat lagt á heildarástand laxa- og bleikjustofna Fljótaár. Margvíslegar rannsóknir hafa farið fram á Fljótaá á undanförunum árum. Auk hefðbundinna fiskirannsókna hefur verið ráðist í rannsóknir á áhrifum framkvæmda við Skeiðsfossvirkjun á lífríki Fljótaár og Miklavatns, bæði smádýralíf og fiskistofna. Einn liður í því að gera verndun og nýtingu Fljótaár markvissari var að framkvæma búsvæðamat ánni. Hér er hins vegar fjallað um rannsóknir á fiskistofnum Fljótaár sumarið 2001.

Aðferðir

Ástand seiðastofna í Fljótaá var kannað með rafveiðum. Í september 2001 var rafveitt á fimm stöðum í Fljótaá. Veitt var á flestum sömu stöðum og undanfarin ár. Árið 1999 var bætt við tveimur nýjum stöðum vegna mats á áhrifum framkvæmda við Skeiðsfossvirkjun (Bjarni Jónsson, 1999), aðeins var veitt á efri viðmiðunarstaðnum núna sem er mitt á milli Bakkavaðs og Neðri virkjunar. Stærð rafveiðistaða var á bilinu $120 \text{ m}^2 - 380 \text{ m}^2$ en hún var minni á stöðum þar sem meira virtist af seiðum eða að stæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir voru valdir með það að sjónarmiði að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Af þeim sökum er þeirri aðferð beitt að veiða sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valdir staðir eins og kostur er á grýttum köflum í ánni þar sem von er meiri seiðaframleiðslu og fleiri árganga seiða.

Niðurstöður rafveiða

Við Bakkavað veiddist nokkuð af tveggja og þriggja ára laxaseiðum (mynd 1, tafla 1). Einnig veiddust vor- og árgömul, þriggja og fjögurra ára bleikjuseiði á þessari stöð og var þéttleiki vorgömlu seiðanna mestur (mynd 2, tafla 2). Ekki veiddust laxaseiði á þessum kafla sumarið 2000 (Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, VMST-N/00008) og aðeins vottur af einum árgangi, tveggja ára seiðum sumarið 1999 (Bjarni Jónsson, VMST-N/99008).

Efri viðmiðunarstaður er á milli Bakkavaðs og neðri rafstöðvar, þar fundust þrjú árgangar laxaseiða, eins, tveggja og þriggja ára. Var minnst af eins árs seiðum og mest af tveggja ára (mynd 1, tafla 1). Fjórir árgangar bleikjuseiða veiddust þarna, vorgömul til þriggja ára (mynd 2, tafla 2). Þetta er mun meiri þéttleiki af bæði laxaseiðum og bleikjuseiðum en í rafveiðunum sumarið 2000 (Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson).

Við neðri rafstöð veiddust aðeins tveggja ára laxaseiði en í þó nokkrum þéttleika (mynd 1, tafla 1). Bleikjuseiðin sem fundust voru vorgömul, eins árs og tveggja ára. Þéttleiki vorgömlu seiðanna var mestur en lítið fannst af eins árs seiðum (mynd 2, tafla 2).

Við Bjarnargil veiddist aðeins af eins til þriggja ára laxaseiðum, en í takmörkuðum þéttleika (mynd 1, tafla 1). Þrjú árgangar bleikjuseiða fundust líka á þessum stað, vorgömul, tveggja ára og þriggja ára (mynd 2, tafla 2). Styrkleiki árganga laxaseiða við Bjarnargil reyndist mun minni en oftast áður (Bjarni Jónsson, 1999; Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2000). Einnig veiddist nokkuð af gönguseiðum úr sleppingu í Fljótaá fyrr um sumarið. Seiðin voru illa farin af hreisturlosi og á þau vantaði eyrugga ásamt frekari uggaskemmdum.

Neðsta stöðin er við brú á Siglufjarðarvegi og kallast ós, þar fannst vottur af tveggja ára laxaseiðum (mynd 1, tafla 1). Mikið veiddist af vorgömlum og eins árs bleikjuseiðum, en einnig voru þar tveggja og þriggja ára bleikjuseiði (mynd 2, tafla 2).

Veiðin 2001

Samkvæmt veiðibókum veiddust 114 laxar í Fljótaá sumarið 2001 og þar af var 67 löxum sleppt aftur. 298 bleikjur veiddust og var einni þeirra sleppt. Um tveir þriðju veiddra laxa voru smálaxar (myndir 3 og 4; töflur 3, 4 og 5). Veiðin er heldur meiri en búist var við útfrá áætluðum laxagöngum og breyttu veiðifyrirkomulagi. Það að lax sé veiddur á flugu og sleppt aftur skapar möguleika á því að hann veiðist aftur í ánni. Litlar upplýsingar er hins vegar að hafa um hvað ætla megi að drepist af þeim löxum sem sleppt er eða í hvaða mæli þeir veiðast aftur. Þessar breyttu forsendur skapa því nokkra óvissu um fjölda laxa sem gekk í Fljótaá sumarið 2001 því veiði sem mælikvarði á fjölda er ekki eins samanburðarhæf á milli ára eins og þegar sama veiðifyrirkomulagi var beitt ár frá ári. Það er ljóst að enn vantar mikið upp á þá góðu bleikjuveiði sem áður var í Fljótaá. Yfirlit yfir veiði í Miklavatni hafði ekki borist þegar þessi samantekt var gerð.

Umræður

Árgangastyrkleika laxaseiða í Fljótaá var mjög misskipt sumarið 2001. Talsvert var af tveggja ára seiðum víðast um ána, þar á meðal í efri hluta ársinnar þar sem klak og uppeldi laxaseiða hefur misfarist að verulegu leiti síðustu árin. Hluti þessara seiða mun væntanlega ganga til sjávar vorið 2002 en að stærstum hluta árið 2003. Árferði vorið 2002 mun ráða miklu um hve stór hluti seiðanna nær þá sjógönguþroska. Aðeins reyndist af þriggja ára laxaseiðum í ánni sumarið 2001 og mun það sem eftir er af þeim árgangi skila sér til sjávar næsta vor. Lítið varð vart við eins árs laxaseiði og virðist sá árgangur veikur í ánni. Það olli miklum vonbrigðum að ekki skyldu finnast vorgömul laxaseiði á neinum athugunarstaðanna. Þrátt fyrir að ekki hafi veiðst vorgömul laxaseiði gæti þau samt verið að finna í ánni. Það tekur nokkurn tíma fyrir seiði að dreifa sér um ána. Það að ekki skuli verða vart við vorgömul laxaseiði, úr hrygningu haustið 2000 bendir hins vegar sterklega til þess að hrygning/klak hafi misfarist. Mjög lítið var af laxi í Fljótaá sumarið 2000 eins og veiðitölur sýna en að auki sást varla lax í ánni þegar tilraun var gerð til að ná klaklaxi haustið 2000. Það er því nærtækast að álykta að skortur á löxum til hrygningar skýri vöntun á vorgömlum laxaseiðum í rafveiðunum sumarið 2001.

Almennt var fremur lítið um bleikjuseiði í Fljótaá. Það virðist því ætla að taka nokkurn tíma fyrir bleikjuna að ná sér aftur á strik á vatnasvæðinu.

Vegna ýmiskonar áfalla hefur verið til takmarkað magn sleppiseiða af Fljótaár uppruna síðustu ár. Sumarið 2001 var sleppt gönguseiðum í Fljótaá. Miðað við rafveiðarnar síðastliðið haust voru þessi seiði að töluverðu leiti enn í ánni þá. Seiðin hefðu átt að ganga í sjó fyrir um sumarið. Gönguseiðin litu mjög illa út og ugga skemmdir voru miklar. Eyrugga vantaði nær alveg á þau seiði sem komu fram í rafveiðunum, en þeir uggar eru mikilvægir fyrir sund og hreyfingar hjá fiskum. Uggar geta í einhverjum tilvikum vaxið út aftur en miðað við að þá vantaði nánast alveg á þessi seiði þá er ekki við því að búast. Það eru hverfandi líkur á að svo illa farin og gölluð gönguseiði skili sér síðar í Fljótaá sem fullburða laxar. Þá galla sem reyndust á sleppiseiðunum má rekja til eldisstöðvar. Það er með öllu tilgangslaust að sleppa svo gölluðum seiðum í Fljótaá.

Miðað við rannsóknir sumarið 2000 og 2001 hefur verið fremur lítil ganga seiða til sjávar vorið 2001. Ólíklegt er að sjógöngustofn árinna verði stór vorið 2002, en betur horfir fyrir árið 2003 þegar stærstur hluti nú tveggja ára laxaseiða skilar sér væntanlega í sjó. Miðað við ástand gönguseiðanna sem sleppt var í Fljótaá sumarið 2001 mun sú slepping hafa lítil áhrif á laxagöngur í ána. Það er áhyggjuefni hve nýliðun síðustu tveggja ára virðist takmörkuð. Það er því fyllsta ástæða til að gæta áfram varkárni við nýtingu og verndun árinna. Það er einnig liður í uppbyggingu fiskistofna á vatnasvæði Fljótaár að fylgt sé eftir því samkomulagi sem Veiðifélag Fljótaár og Rafmagnsveiturnar gerðu um að fara yfir leiðir til að tryggja sem best sambýli virkjunar og lífríkis. Hluti af þeim aðgerðum hefur komið til framkvæmda og það er allra hagur að þeim málum sé komið í höfn.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Fljótaá í september 2001 (gs = gönguseiði).

Staður nr.	Stærð svæðis	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	gs
Bakkavað	32x10m			2,19	3,44	
Efri viðmiðunarstaður	26x12m		0,64	4,17	1,60	
Neðri rafstöð	30x4m			5,83		
Við Bjarnargil	38x10m		1,05	1,58	0,26	0,79
Ós	38x4m			0,66		

Tafla 2: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Fljótaá í september 2001.

Staður nr.	Stærð svæðis	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Bakkavað	32x10m	5,63	1,88		0,31	0,31
Efri viðmiðunarstaður	26x12m	3,21	3,85	0,96	0,64	
Neðri rafstöð	30x4m	5,00	0,83		2,50	
Við Bjarnargil	38x10m	2,37		0,53	0,26	
Ós	38x4m	24,34	12,50	2,63	1,97	

Tafla 3: Fjöldi veiddra og slepptra laxa, urriða og bleikju ásamt afla í Fljótaá árið 2001.






	Lax	Bleikja	Urriði
Veiði	114	298	0
Sleppt	67	1	0
Afli	47	297	0

Tafla 4: Fjöldi veiddra laxa eftir kyni í Fljótaá 2001.


	Hængar	Hrygnur	Okyngr.	Alls
Veiði	74	32	8	114
Sleppt	46	18	3	67
Afli	28	14	5	47

Tafla 5: Laxveiðin í Fljótaá 2001. Skipt eftir aldri í sjó og kyni. Skipting milli smálax og stórlax er við 3,5 kg hjá hrygnum en 4 kg hjá hængum (meðalþ. = meðalþyngd í kg).


Ar í sjó	Hængar			Hrygnur			Okyngreint			Samtals	
	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.
1	55	2,7	76,4	13	2,5	18,1	4	2,7	5,6	72	2,7
2	16	5,2	45,7	17	4,6	48,6	2	5,2	5,7	35	4,9
Óvíst	3	0	42,9	2	0	28,6	2	0	28,6	7	0
Alls	74	3,2	64,9	32	3,5	28,1	8	2,7	7	114	3,2




Mynd 1: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fjótáa í september 2001.




Mynd 2: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Fljótaá í september 2001.



Mynd 2: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Fljótaá í september 2001.



Mynd 3: Vikuleg laxveiði í Fljótaá sumarið 2001.



Mynd 4: Vikuleg bleikjuveiði í Fljótaá sumarið 2001.